



MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

## Námsáætlun - Haust 2025

### Franska 4. bekkur málabraut – 3. mál (FRAN1DF09)

#### Kennslugögn

- **Édito A1, Méthode de français. 2<sup>e</sup> édition** (2. útgáfa), 2022 ([lesbók](#) og [vinnubók](#))
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, blaðagreinar, ljóð, kvikmyndir o.fl.
- Mappa til að safna í aukaefni og skriflegum verkefnum. Stílabók eða laus línustrikuð blöð.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu): [Snara](#) og [Lexía](#)

| Vika                                                       | Yfirferð                                                                                                                                                                                                             | Heimavinna, verkefni og próf                                                               |
|------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. 20.-22. 08                                              | Kynning á námsefni vetrarins og reglunum<br>Kynning á frönskumælandi löndum                                                                                                                                          | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                                             |
| 2. 25.- 29. 08.                                            | <b>Unité 0</b><br>Að heilsa, kveðja og kynna sig.<br>Stafrófið.                                                                                                                                                      | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                                             |
| 3. 01.- 05. 09.                                            | <b>Unité 0</b><br>Tölur, dagar, mánuðir og árstíðir, orðaforði bekkjarins.                                                                                                                                           | <b>Lokaverkefni úr Unité 0</b>                                                             |
| 4. 08.-12. 09.                                             | <b>Unité 1, bls. 17-19.</b><br>Að kynna sig og kynnst öðrum<br>Lönd og þjóðerni (kk, kvk, flt)<br>Sagnirnar <i>être, avoir, s'appeler</i> .                                                                          | <b>Kaflapróf úr Unité 0.</b><br>Unnið heima í vinnubók <b>un.1</b><br>(Cahier d'exercices) |
| 5. 15.-19. 09.                                             | <b>Unité 1, bls. 19-21</b><br>Tölur, lönd og þjóðerni (kk, kvk, flt)<br>Áhugamál<br>Sögnin: <i>aimer</i><br>Sagnir samkvæmt 1. flokki regl. so.<br>Óákveðinn og ákveðinn greinir.                                    | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                                             |
| 6. 22.-26. 09.<br><b>26./09. Evrópski tungum. dagurinn</b> | <b>Unité 1, bls. 22-24</b><br>Að kynna aðra.<br>Forsetningar með landaheitum.<br>Sögnin <i>parler</i> .                                                                                                              | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)<br><b>Stutt sagnapróf</b>                   |
| 7. 29.09.- 03.10.                                          | <b>Unité 1, bls. 25-27</b><br>Að kynna sig og kynnst öðrum.<br>Neitun og tölur. Framhald<br>Spurnarforanafnið <i>Quel</i> .<br>Framburður: samtenging með forsetningum                                               | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                                             |
| 8. 06.-10. 10.                                             | <b>Unité 1, bls. 28-30</b><br>Upprifjun úr un. 1<br>Unnið í lokaverkefni                                                                                                                                             | <b>Lokaverkefni úr Unité 1</b><br><b>Kaflapróf úr Unité 1</b>                              |
| 9. 13.-17. 10                                              | <b>Unité 2, bls. 31-33</b><br>Borg og bær, búseta og nánasta umhverfi.<br>Óákveðinn greinir og ákveðinn greinir (frh)<br>Sagnir samkvæmt 1. flokki regl. so. (frh.)<br>Sagnirnar <i>habiter</i> og <i>travailler</i> | Unnið heima í vinnubók <b>un.2</b><br>(Cahier d'exercices)                                 |

|                                                              |                                                                                                                                 |                                                                             |
|--------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------|
| 10. 20.-23. 10.<br><b>Hausthlé 24.10.</b>                    | Bíómynd eða sjónvarpsþættir                                                                                                     | Verkefni tengt mynd/páttum                                                  |
| 11. 29.- 31. 10.<br><b>Starfsdagar kennara 27. og 28. 10</b> | <b>Unité 2, bls. 34-37</b><br>Sagnir í 1.fl. (frh)<br>So. <i>aimer, adorer, préférer, détester</i><br>Áhugamál (frh.) og staðir | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                              |
| 12. 03.-07. 11.                                              | <b>Unité 2, bls. 38-39</b><br>Orðaforði varðandi fjölskylduna.<br>Eignarfornöfn<br>Starfsheiti, í kk./kvk./flt.                 | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                              |
| 13. 10.-14. 11.                                              | <b>Unité 2, bls. 40-41</b><br>Að kynna og tala um fjölskylduna sína                                                             | Unnið heima í vinnubók<br>(Cahier d'activités)                              |
| 14. 17.-21. 11.                                              | <b>Unité 2, bls. 42-44</b><br>Unnið í lokaverkefni<br>Undirbúningur fyrir munnlegt próf                                         | <b>Lokaverkefni úr Unité 2</b><br><b>Kaflapróf eða hlutapróf úr Unité 2</b> |
| 15. 24.-28. 11.                                              | <b>Upprifjun og munnleg próf</b>                                                                                                |                                                                             |

## Námsmat

**Lokapróf eru haldin á haustmisseri og vormisseri.**

**Samsetning lokaprófa (jólaprófs og vorprófs) eru:**

- Skriflegt próf: 80%.
- Munnlegt próf: 20% (haldið í síðustu viku haustmisseris og vormisseris)

**Lokaeinkunn að vori er meðaltal af:**

- 1/3 jólaprófseinkunn - 1/3 vorprófseinkunn - 1/3 námseinkunn

**Til námseinkunnar teljast:**

- 60%: kaflapróf og önnur próf + lokaverkefni úr köflum (skrifleg eða myndbönd)
- 20%: verkefnavinna í tímum (ritun, upptökur, talæfingar, hlustunaræfingar og önnur smærri skilaverkefni)
- 20%: ástundun, heimavinna, þátttaka í talæfingum, virkni og hegðun í tíma (sjá [skólareglur](#), gr. 2 á heimasíðu skólans)

Á skólaárinu verða lögð fyrir nokkur kaflapróf og nokkur lokaverkefni úr köflum kennslubókarinnar. Gilda þau 60% af námseinkunn. Nemendum er skylt að mæta í öll próf og skila öllum lokaverkefnum. Til að reikna út námseinkunnina í lok skólaárs verður lægsta einkunn felld niður en fái nemandi einkunina 0 mun hún standa. Einkunina 0 fær nemandi sem mætir ekki í kaflapróf eða í sjúkrapróf og skilar ekki lokaverkefni.

## Athugið

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öllu stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma lækkar einkunnin um 0,5 fyrir hvern dag.

**Námsáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar**